



Alþingi
Erindi nr. P 133/1576
komudagur 12.3.2007

Alþingi, 12. mars 2007.

Utanríkismálanefnd Alþingis,
hr. Halldór Blöndal formaður.

Allsherjarnefnd Alþingis hefur á fundi sínum fjallað um frumvarp til laga um réttarstöðu liðsafla aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins og Samstarfs í þágu friðar o.fl., sem flutt er af utanríkisráðherra (655. mál), sbr. bréf utanríkismálanefndar Alþingis frá 6. mars sl. Með frumvarpinu er lagt til að ríkisstjórninni verði heimilt að fullgilda tvo alþjóðasamninga fyrir Íslands hönd og settar reglur um réttarstöðu erlends liðsafla hér á landi.

Allsherjarnefnd fjallaði einkum um ákvæði 4. og 6. gr. frumvarpsins sem fjalla um framkvæmd refsilögsögu og refsimörk fyrir tiltekin brot og fékk á sinn fund Veturliða Stefánsson frá utanríkisráðuneyti og Rögnu Árnadóttur frá dómsmálaráðuneyti.

Samkvæmt upplýsingum sem dómsmálaráðuneytið aflaði frá embætti ríkissaksóknara er lögsöguregla 4. gr. í samræmi við dönsk lög og lög in um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110/1951. Þau fela ekki í sér efnislega breytingu frá því sem gilt hefur um varnarliðið. Nefndin bendir á að æðsta ákvörðunarvald um ákærur fyrir brot sem framin eru hér á landi er í höndum ríkissaksóknara.

Nefndinni bárust einnig upplýsingar frá embætti ríkissaksóknara þess efnis að refsíákvæði frumvarpsins væru í samræmi við ákvæði danskra laga um þetta efni. Einnig bendir nefndin á hliðstæður milli 6. gr. frumvarpsins og 91. og 92. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Það kynni að skjóta skökku við að gera minni kröfur til refsinga fyrir brot gegn hagsmunum erlendra ríkja sem boðið hefur verið hingað til lands til aðstoðar heldur en ef brotið er gegn hagsmunum íslenska ríkisins.


Í 3. mgr. 6. gr. frumvarpsins segir að það varði sektum eða fangelsi allt að þremur árum ef maður skýrir frá án leyfis, tekur eða birtir myndir hvers konar, þ.m.t. loftmyndir, af hernaðarmannvirkjum, birgðaskemmum, búnaði eða hernaðarundirbúningsaðgerðum erlends liðsafla, hvort sem um er að ræða ásetnings- eða gáleysisbrot. Nefndin telur eðlilegt að gera þá kröfu að svæði þar sem slík mannvirki er að finna verði ætíð tryggilega merkt. Því beinir nefndin því til utanríkismálanefndar að flytja breytingartillögu þess efnis við málið.

ALLSHERJARNEFND



Loks vill nefndin geta þess að efasemdir voru meðal nefndarmanna um að heimild 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins til handa utanríkisráðherra að útvíkka gildissvið laganna með auglýsingu fullnægði ákvæði 69. gr. stjórnarskrárinnar. Að fengnum upplýsingum frá sérfræðingum í refsirétti telur nefndin að ætla megi að slík auglýsing muni uppfylla skilyrði ákvæðisins, enda gengur nefndin út frá því að hún verði birt með tryggilegum hætti komi til þess að heimildinni verði beitt. Einnig bendir nefndin á að heimildin nær til tiltekinn hópa manna en ekki ótilgreinds hóps og að verknaðarlýsing 6. gr. er skýr. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur nefndin því að refsheimildin yrði talin fullnægjandi.

F.h. allsherjarnefndar Alþingis



Sigrún Brynja Einarasdóttir
nefndarritari

ALLSHERJARNEFND